

Var með eftirfarandi athugasemdir með frumvarp, sem var fyrir nokkrum árum varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur. Veit ekki örlög frumvarpsins, en etv. hafið þið not af þessum athugasemdum.

Ég er með nokkrar athugasemdir og tillögur um úrbætur. Mér finnst í stuttu máli klúðurslegt að vera með mörg lög um kosningar og vísa á milli.

Samkvæmt frumvarpinu á að vera heimilt að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða kosningar til sveitarstjórnar. Ef það er gert þá verður Reykjavík bæði með eitt kjördæmi vegna sveitarstjórnarkosningar og tvö vegna þjóðaratkvæðagreiðslu með samtals þrjár yfirkjörstjórnir. Jafnvel tvö ráðuneyti, félagsmála- og dómsmálaráðuneytið, gætu komið að þessum kosningum. Hver á að samræma aðgerðir? Um atkvæðagreiðsluna sjálfa á að fara eftir lögum um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á. Þótt að ákvæði um slíkt eru svipuð í lögum til sveitarstjórnarkosningar, er samt munur á varðandi framkvæmdir. Ég tók einu sinni eftir að leiðbeiningar til kjörstjórnir voru skv. sveitarstjórnarlögum og var það leiðrétt. Oft þurfa yfirkjörstjórnir að finna lausnir á vandamálum með skjótum hætti og ef frumvarpið verður samþykkt þarf að leita í lögum um þjóðaratkvæðagreiðslu, kosningar til Alþingis og sveitarstjórnar. Jafnvel einnig í lögum um forsetakjör, vegna þess að það stendur í greinargerðinni: „Eins og lýst hefur verið stefnir frumvarpið að því að tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslna fari eftir sömu reglum og gilda um kjör forseta Íslands”.

Samkvæmt frumvarpinu á við mat á gildi atkvæða á að fara eftir lögum um kosningar til Alþingis, en t.d. skv. þeim lögum á að meta atkvæði ógilt ef áletrun er á kjörseðli sem ætla má að séu sett til þess að gera hann auðkennilegan. Þar á móti stendur einnig í frumvarpinu: „Ekki skal meta atkvæði ógilt nema um það megi villast hvernig kjósandi greiðir atkvæði.” Samkvæmt þessu ótvítræðu orðalagi á að meta atkvæði gilt þótt að kjósandinn hafi leitað nafn sitt á það, eða hvað?

Það er alltaf mjög slæmt þegar ónákvæm orðanotkun er í lögum og í frumvarpinu er ágætis dæmi í 5. gr.: „á sem heppilegustum tíma”. Sem dæmi um annað ónákvæmt orðalag í lögum er í 20. gr. Lyfjalaga, nr. 93/1994, en þar er fjallað um að við mat umsókn til þess að opna lyfjabúð skal m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og „fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð.” Fyrir dómi reyndist þetta orðalaga ekki hafa neitt gildi og má þess vegna opna lyfjabúð í örfárra metra fjarlægð frá annarri, sbr. eins og var í JL húsinu.

Samkvæmt því sem ég hef lesið frá ÖSE þykir best að dómstólar meti lögmæti atkvæðagreiðslu, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Alþingi geri það. Ég tel að það séu alltaf dómstólar sem eiga að meta lögmæti allra kosninga.

Ég tel best að Alþingi setji lög um kosningar. Þar verði annars vegar ákvæði sem gilda um allar kosningar, m.a. um utankjörfundaratkvæðagreiðslur og kosningar á kjördag. Leitast verði við að hafa sem mest af sameiginlegum ákvæðum. Hins

vegar verða sérkaflar um einstakar tegundir af kosningum, m.a. til Alþingis, sveitarstjórnar, kjör forseta og þjóðaratkvæðagreiðslur. Það er helst kaflinn um utankjörfundaratkvæðagreiðslur sem þarf að huga sérstaklega að. Einnig væri gott að skerpa á stjórnskipulagi kosninga. Á fundi með ÖSE kom fram að þeir skyldu ekki stjórn kosninga hérlendis. Mér finnst að það mætti koma skýrt fram í lögum að formaður landskjörstjórnar sé æðsti yfirmaður kosninga og hverjir eru undir stjórn hvers.

Einnig tel ég mjög gott ef gefin væri út handbók, m.a. með myndrænum skýringum, t.d. flæðiritum, skipuriti og myndir af hvaða kjörseðlar skuli teljast gildir og ógildir. Eftir hverjar kosningar verði leitað eftir athugasemdum frá þeim, sem störfuðu við kosningarnar til þess að hægt er að endurbæta handbókina. Etv. mætti kalla handbókina reglugerð ef hún er aðgengilega, en því miður eru reglugerðir oft tyrfnar langlokur.

Þetta er það helsta sem mér datt í hug við lestur frumvarpsins. Að öðru leyti vísar ég til athugasemd minnar, sem þú hefur fengið frá mér um Alþingskosningar.

Með kveðju,

Kristján H. Kristjánsson
Miðleiti 4
103 Reykjavík
kristjanhkristjansson@yahoo.com